

08. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 19. maí 2020, kl. 17:30 í Skipholti 50c.

Mætt á fund: Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Karen Edda Benediktsdóttir (meðstjórnandi), Mörður Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður), Árný Björnsdóttir (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

Forföll boðuð: Margrét Pétursdóttir, Kristín Sævarsdóttir og Stefán Rafn Sigurbjörnsson.

Fundarritun: Inga Auðbjörg K. Straumland og Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

Dagskrá/Fundargerð

1. Covid19 styrktarsjóður

a. Fyrstu tilnefningar, yfirferð

15 tilnefningar/ábendingar hafa nú þegar borist.

b. Forsendur

Rætt um á hvaða forsendum Siðmennt vill veita styrkina og hvernig þeim verði best varið.

c. Úthlutun

Ákveðið að loka fyrir innsendingar og styrkja Pieta samtökin, Kvenntaathvarfið og Andrými. Styrkurinn skiptist 400/400/200.

2. Umsögn við 708. mál

- a. Inga og Mörður ganga frá umsögn skv. umboði stjórnar og umræðum og áherslum á fundi þessum.

3. Félagsgjöld til HI

a. Svar til HI

Á síðasta fundi var ákveðið að senda gagnert tilboð; tvískipt - félagsgjöld og sjóður, umreiknað í pund, rökstutt. Taka þarf ákvörðun um upphæðir.

Inga og Siggeir renna yfir svárið og senda fyrir vikulok.

4. Vefmál

a. Tilboð

11 tilboð hafa borist og hefur vefteymi farið yfir þau og fækkað valkostum í 2. Stjórn felur vefteyminu að klára ferlið.

5. Tölvupóstur - hýsingarmál

a. Viðvarandi vesen á tölvupósti

Starfsmenn (og athafnastjórar) hafa ítrekað lent í brasi með póstinn undanfarnar vikur. Framkvæmdastjóri hefur leitað tilboða hjá Netheimi, en einnig hefur verið rætt um möguleikann að nota Google Suite. Málið lagt fram til kynningar og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

6. Gögn til Borgarskjallasafns

a. Skráning og skönnun gagna og fundargerða

Árný ætlar að taka að sér að skanna gögnin í samráði og samvinnu við Hope og Siggeir

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 2. júní kl. 17:00

Fundi slitið kl. 19:12

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands